

# FUNDARGERÐ

## 159. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

**Fundarstaður:** Skrifstofa Mýrdalshrepps.

**Fundartími:** Þriðjudagur 12.maí 2009 kl. 16:00.

**Mættir:** Undirritaðir aðalmenn og varamaður fræðslunefndar.

**Ritari fundarins:** Inger Schiöth

**Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.**

### Gerðir fundarins:

#### I. Leikskólinn:

Á fundinn er mætt Halla Ólafsdóttir leikskólastjóri, Hjördís Rut Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Æsa Gísladóttir fulltrúi foreldra grunnskólans og Victoria Jonsson fulltrúi foreldra.

##### 1. Bréf leikskólastjóra dags. 15. apríl 2009.

Í bréfinu er óskað eftir að ráða inn í afleysingu í 100% stöðugildi frá og með 1. maí fram að sumarleyfi þar sem Hjördís Rut klárar sumarleyfi og fæðingarorlof. Fræðslunefnd samþykkir erindið, enda gerir fjárhagsáætlun ráð fyrir 5,79 stöðugildum.

##### 2. Skóladagatal leikskóla.

Drög að skóladagatali lagt fram til kynningar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

##### 3. Önnur mál.

Halla gerir grein fyrir að Eyrún Halla Jónsdóttir hafi verið ráðin í 100% stöðu frá 1. maí fram að sumarleyfum.

Halla upplýsir að Erika Pauler hafi sagt upp störfum frá og með 1. maí s.l.

Formaður þakkar fyrir sumarhátíðina og lýsti ánægju sinni.

Formaður þakkar fyrir útgáfu fréttabréfs leikskólans og hrósar leikskólastjóra.

Leikskólastjóri yfirfer með fundarmönnum barn- og stöðugildi leikskólans.

Leikskólastjóri fór með börn af eldri deild leikskólans að Brekkum til Óskars og Ragnars Þorsteinssona í lambaferð.

Halla sagði frá því að 5 börn útskrifist frá leikskólanum í haust.

Halla, Victoria, og Hjördís Rut yfirgefa fundinn.

#### II. Tónskólinn.

Á fundinn er mættur Kristinn J. Níelsson tónskólastjóri.

##### 1. Drög að skóladagatali tónskóla.

Lagt fram til kynningar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

##### 2. Önnur mál.

Kristinn leggur fram til kynningar fréttabréf tónskóla Mýrdælinga þar sem kemur m.a. fram að **þematónleikar** skólans verði haldnir í Leikskálum miðvikudaginn 13. maí n.k.

**Klassískir vortónleikar** skólans verða haldnir í Leikskálum miðvikudaginn 20. maí n.k.

Í tengslum við verkefnið „**Spunalög og spilverk**“ fór Kristinn með hóp eldri nemenda í tónskólann á tónlistarskóla Árnesinga á Selfossi þann 8. maí s.l. þar voru sameiginlegir tónleikar skólanna með ryþmískri, léttri og vorlegri tónlist. Verkefnið var af frumkvæði tónskóla Mýrdælinga og var styrkt af Menningarráði Suðurlands. Heimsóknir í fleiri skóla eru í undirbúningi.

Tónskólinn tók þátt í undirbúningi og framkvæmd **sumarhátíðar leikskólans** á sumardaginn fyrsta.

### **Vornámskeið – kynning – undirbúningur**

Tónskólinn stendur fyrir vornámskeiði fyrir nemendur í 1. – 3. bekk grunnskólans. Þá gefst nemendum tækifæri til að prófa nám á píanó í þrjár vikur frá og með 11. maí.

Formaður lýsti ánægju sinni með hlutverk tónskólans í sumarhátíð Leikskólans. Einnig lýsir hún yfir ánægju sinni með nýútkomið fréttabréf.

Kristinn yfirgefur fundinn.

## **III. Grunnskólinn.**

Á fundinn er mætt Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri og Kristín Marti fulltrúi kennara.

### **1. Bréf menntamálaráðuneytis dags. 19. mars 2009.**

*Í bréfinu kemur fram að endurskipað hafi verið í undanþágunefnd grunnskóla skv. lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.*

*Í ljósi gildistöku laganna á síðasta ári telur undanþágunefnd rétt að vekja athygli á lögumum og nýmælum sem í þeim felast.*

Lagt fram til kynningar.

### **2. Bréf menntamálaráðuneytis dags. 26. mars 2009.**

*Efni: Ákvæði til bráðabirgða um samræmd könnunarpróf í 10. bekk vorið 2009 fellt brott.*

Lagt fram til kynningar.

### **3. Önnur mál.**

Formaður lýsir ánægju sinni með nýútkomið fréttabréf grunnskólans.

Í því kemur m.a. fram að heilsuvika og vorskóli er dagana 11.-15. maí.

Þriðjudaginn 12. maí kemur forvarnarfulltrúi frá Samhjálp í heimsókn í skólann.

Miðvikudaginn 13. maí er 9. Og 10. Bekk boðið í heimsókn í FAB LAB smiðjuna í Vestmannaeyjum til að kynnast starfsemi smiðjunnar.

Beiðni um skammtímaleyfi án launa fyrir Hrund Jafetsdóttur 4. – 7. maí og 22. maí, 27. til og með 29. maí n.k.

Fræðslunefnd samþykkir erindið.

Starfsmenn grunnskólans hafa óskað eftir starfsmannaviðtölum við nýjan stjórnanda.

Kolbrún Ósk, Kristín Marti og Æsa yfirgefa fundinn.

## **IV. Almennt**

### **1. Bréf sveitarstjóra dags. 7. maí 2009 – sent öllum.**

*Í bréfinu kemur fram að á fundi sveitarstjórnar þann 18. mars s.l. samþykkti meirihluti sveitarstjórnar að sameina rekstur grunn-, leik- og tónskóla í eina deildaskipta stofnun með einum stjórnanda frá og með 1. ágúst 2009.*

*Capacent var falið að auglýsa eftir skólastjóra og bárust 7 umsóknir. Meirihluti sveitarstjórnar ákvað að ræða við þrjá umsækjendur og eftir þau viðtöl var ákveðið að ræða nánar við tvo. Þessir aðilar komu til Víkur 2. og 3. maí s.l. og var fræðslunefnd og*

sveitarstjórn boðið til viðtals við þá.

Að loknum viðtölum var það samhljóða niðurstaða þeirra sem tóku þátt í viðtölunum að ráða Boga Ragnarsson skólastjóra hins sameinaða skóla. Bogi er 28 ára gamall félagsfræðingur að mennt og mun ljúka doktorsgráðu í faginu í haust. Bogi er með kennsluréttindi á grunn- og framhaldsskólastigi og er nú skólastjóri í grunnskólanum á Þingeyri.

Bogi mun koma og hitta starfsfólk skólanna 15. maí n.k.

Með vísan í 45. gr. grunnskólalaga samþykkir skólanefnd fyrir sitt leyti samrekstur leik-grunn- og tónskóla.

Lára og Andrína gera athugasemdir við að upplýsingar til fræðslunefndar vegna ráðningarferlis skólastjóra hafi verið ábótavant.

Fræðslunefnd leggur ennfremur til að skv. ákvæði í 45.gr grunnskólalaga um samrekstur leik-grunn- og tónskóla að skólráð sbr. 8. gr. grunnskólalaga og foreldraráð sbr. 11. gr. laga um leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði og verði kallað skólaráð.

**2. Drög að skipuriti og starfsramma hins nýja skóla – sent öllum**

Lagt fram til kynningar.

**3. Bréf Höllu Ólafsdóttur dags. 21. apríl 2009 – sent fræðslunefnd**

Í bréfinu óskar Halla eftir því við fræðslunefnd að nefndin fari fram á það við sveitarstjórn að áformum um sameiningu verði frestað um ár. Fram að því verði tíminn notaður til að undirbúa sameiningu og lokið við að binda alla lausa enda.

Erindinu hafnað.

**4. Bréf Hjördísar Rutar Jónsdóttur leikskólakennara dags. 15. apríl 2009 sent fræðslunefnd og fulltrúum.**

Í bréfinu kemur fram að þar sem samþykkt hafi verið að sameina grunn-, leik- og tónskóla sveitarfélagsins frá og með 1. ágúst n.k. óski Hjördís eftir því að færa sig um set í starfi innan tilvonandi skólastofnunar og óskar eftir umsjónarkennslu yngstu bekkja á komandi skólaári 2009-2010.

Erindinu vísað til skólastjóra.

Fundi slitið kl.18:55

_____	_____	_____
Inger Schiöth	Þorgerður Einarsdóttir Formaður	Andrína G. Erlingsdóttir
_____	_____	_____
Guðný Sigurðardóttir		Lára Oddsteinsdóttir
_____	_____	_____